 <b>ÍSFUGL</b>	<b>Jafnréttisstefna</b> <b>3.4.1</b>	Kaflaheiti: 3. Starfsfólk
		Útgefið dags: 15.09.2022
		Útgáfa nr. 4
		Samþykkt:

**Ábyrgð:** Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að jafnréttisstefnunni sé fylgt eftir.


### Stefna og markmið:

Jafnréttisstefnu Ísfugls ehf. er ætlað að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum alls starfsfólks innan fyrirtækisins. Jafnréttisstefnan byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kynþjáningu. Ísfugl fylgir lögum, reglum og kjarasamningum sem eru í gildi á hverjum tíma. Markmiðið er m.a. að koma í veg fyrir mismunun og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum á öllum sviðum. Markmið stjórnenda Ísfugls ehf. eru því eftirfarandi:

- Að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum og vinna samkvæmt lögum og kröfum um jafnrétti kynjanna og jafna meðferð á vinnumarkaði.
- Að gera stöðugar umbætur, vera með eftirlit og viðbrögð við breytingum sem kunna að koma.
- Að bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugu eftirliti og umbótum.
- Að gera árlega launagreiningu þar sem starfsfólki eru kynntar helstu niðurstöður.
- Að gera reglulega innri úttektir og halda árlega rýni stjórnenda.
- Að gæta skuli jafnréttis við ráðningar og tilfærslur í starfi, sem þýðir að hæfasti umsækjandinn sé ætíð valinn út frá málefnalegum sjónarmiðum svo sem hæfni, færni, menntun og reynslu.
- Að kynna öllum starfsmönnum jafnréttisstefnu fyrirtækisins.
- Að leitast við að jafna hlutfall kynjanna í hinum ýmsu störfum.
- Að gæta skuli jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsfólks á vinnustaðnum.
- Að greiða skuli jöfn laun og sömu kjör fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf.
- Að allt starfsfólk skuli eiga jafnan aðgang að endurmenntun og þjálfun.
- Að starfsfólki sé kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.
- Að einelti og kynferðisleg áreitni séu ekki liðin.

Jafnréttisstefnuna skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Dags 15. september 2022



Jón Magnús Jónsson, framkvæmdastjóri Ísfugls ehf.